



Sprautusteypustyrkingar

Hagkvæmni mismunandi aðferða

Höfundar : **Matthías Loftsson**
 Atli Karl Ingimarsson
 Gísli Eiríksson
 Björn A Harðarson
 Hlynur Guðmundsson

Vegagerðin

Rannsóknarskýrsla

Nóvember 2010



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA



GEOTEK



Mannvit Verkfræðistofa

Grensásvegur 1
108 Reykjavík
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is



| | | | |
|---|-------------------|---|---|
| Skýrsla nr: MV 2010-098 | Útgáfunr.: | Útgáfudags.: (mán/ár) Júlí / 2010 | Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> |
| Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Sprautusteypustyrkingar. Hagkvæmni mismunandi aðferða | | | Upplag: |
| | | | Fjöldi síðna: |
| Höfundur/ar: Matthías Loftsson, Atli Karl Ingimarsson, Gísli Eiríksson, Björn A Harðarson og Hlynur Guðmundsson | | | Verkefnisstjóri: Gísli Eiríksson |
| | | | Verknúmer: 7-009-278 |
| Útdráttur: Samanburður á notkun sprautusteypu í Óshlíðargöngum og Héðinsfjarðargöngum sýnir að notkun steypu var um 70-80% meira en kennimagn (kennimagn = þykkt x kenniflötur ganga) í Héðinsfjarðargöngum á móti 60% umfram kennimagn í Óshlíðargöngum. Þegar áætla á magn steypu byggt á m ³ -uppgjöri þarf að taka tillit til þessa og margfalda kennimagn með 1,6. Í Héðinsfjarðargöngum er mæld þykkt að jafnaði 30% meiri en kenniþykkt í veggjum og 45% meiri í lofti, en í Óshlíðargöngum 27% meiri í vegg og 35% meiri í loft. Byggt á þessu er dregin sú ályktun að þykkt hafi verið jafnari og nýting steypu betri í Óshlíðargöngum. Byggt á afkasta- og tímamælingum má álykta að lítil títasparnaður sé í því að ásprauta sem mest samhliða grefti ganga. Fyrir sæmilegt til gott berg, $Q > 2,5 - 3$ er þykktarviðmið betri uppgjörsmáti fyrir styrkingar með steypuásprautun. Þar sem berg er slæmt til gangagerðar ($Q < 1$) er yfirbrot meira og erfitt að koma við þykktarviðmiði. Þar er betra að styðjast við m ³ -uppgjör. | | | |
| Verkkaupi: Vegagerðin | | Tengiliðir verkkaupa: Gísli Eiríksson | |
| Samstarfsaðilar: Geotek | | | |
| Efnisorð: Sprautusteypa, hagkvæmni styrkinga, þykktarmælingar. Héðinsfjarðargöng, Óshlíðargöng, Bolungarvíkurgöng | | ISBN: | |
| | | Undirskrift verkefnisstjóra: | |
| | | Yfirfarið af: | |



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------|----|
| Efnisyfirlit | ii |
| Inngangur | 4 |
| Almennt | 4 |
| Gagnavinnsla..... | 4 |
| Óshlíðargöng | 5 |
| Magn, þykkt og afköst..... | 5 |
| Berggæðamat, Q-mat | 8 |
| Héðinsfjarðargöng | 12 |
| Magn, þykkt og afköst..... | 12 |
| Berggæðamat, Q-mat | 15 |
| Samantekt og niðurstöður | 16 |



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Inngangur

Almennt

Rannsókn þessi var gerð með styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Verkefnið fólst í að meta kosti og galla þess að klára sem mest, sprautusteypu bergstyrkingar samhliða gangagerð eða skipta styrkingum upp í vinnustyrkingar annars vegar, unnar samhliða grefti ganganna og lokastyrkingar hins vegar, sem gerðar væru eftir að búið er að sprengja göngin. Enn fremur mæla og bera saman mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir sprautusteypu og meta kosti og galla þess að gera upp steypu samkvæmt m^3 , mælt frá steypustöð, eða í m^2 , sem þykkt á bergveggjum. Marmið rannsóknar var, eins og segir í umsókn um rannsóknarfé, „að bæta verklýsingu fyrir sprautusteyputyrkingar og fá hagkvæmari nýtingu sprautusteypu til bergstyrkinga“.

Verktakar vilja oft klára bergstyrkingar sem mest samhliða gangagrefti og lágmarka þannig þann tíma sem fer í styrkingar ganganna eftir að gangagrefti lýkur. Hætta er hins vegar á að meiri steypa fari forgörðum ef ásprautað er í fullri þykkt að stafni ganganna, þ.e. steypan getur brotnað upp þegar berg heldur áfram að aflagast, keyrt er oft utan í steypu á veggjum o.fl. Því hefur verið lagt að verktaka að ljúka ekki varanlegum styrkingum á veggjum ganga fyrr en eftir að gangagrefti lýkur.

Í jarðgangaverkefnum héraendis hefur sprautusteypa oftast verið gerð upp í m^3 , þ.e. samkvæmt magni mælt úr steypustöð, að frátöldum affölum eftir atvikum, en fyrir Óshlíðargöng var fyrirskrifað magn sprautusteypu í fermetrum af tiltekinni þykkt. Rök að baki þeirri forskrift eru að hönnunarviðmið sprautusteyputyrkinga eru alla jafnan þykkt steypu á loft og vegg ganganna og með m^2 -viðmiði í uppgjöri eru bein tengsl í milli fyrirskrifaðrar og mældrar þykktar. Með m^2 -uppgjöri er einnig vænst til þess að steypuhula sé jafnari og nýting steypu betri.

Við gangagerð Óshlíðarganga (Bolungarvíkurganga) var styrkt sem mest samhliða gangagrefti og þykktarviðmið fyrirskrifað fyrir göngin. Í Héðinsfjarðargöngum var uppgjör sprautusteypu í m^3 . Þar var, eins og fyrir Óshlíðargöng, magn steypu ákvarðað út frá jarðfræðiaðstæðum og áætlað m^3 -magn tilgreint til að ná fram nauðsynlegri þykkt steypu á loft og vegg ganganna. Í báðum göngum eru gerðar þykktarmælingar til kanna þykkt steypulags, sem nota má til að bera saman magn og þykkt. Bornar eru saman þessar aðferðir við sprautusteyputyrkingar í þessum göngum og lagt mat á hagkvæmni.

Gagnavinnsla

Verktaki skráir vinnu við styrkingar í dagskýrslur og með því að vinna úr þeim upplýsingum má fá nokkuð greinargóða mynd af tíma sem fer í styrkingar. Með yfirferð dagskýrslna er magn styrkinga fyrir einstaka gangahluta borið saman og magn styrkinga á tímaeiningu fundið fyrir hvor göng. Niðurstöður þykktarmælinga eru bornar saman við notkun steypu til að finna fylgni milli magns og þykktar.

Skoðaðir voru um 2 km langir kaflar í hvorum göngum.

Óshlíðargöng

Magn, þykkt og afköst

Fyrir Óshlíðargöng voru skilgreindir þykktarflokkar fyrir sprautusteypu. Þykktarflokkar eru 40, 60, 80, 100, 120 og 150 mm. Við uppgjör er byggt á kennimagni (þykkt x kennisnið graftar) og í einingarverðum er innifalinn hrjúfleiði bergyfirborðs allt að 1,4, en verktaki gat farið fram á leiðréttingu einingarverða ef hrjúfleiði mælist meiri. Hrjúfleiði er skilgreindur sem hlutfall málbandslengdar, sem fylgir bergyfirborði og mælilínu sem liggur í stefnu ganga og snertir ystu bríkur á sama stað.

Í dagskýrslum (vikuskýrslum) skráir verktaki þann tíma sem fer í ásprautun ganganna, sem og aðra þætti gangagerðar og með samiburði dagskýrslna og skráningar á notkun steypu má skipta notkun sprautusteypu milli þykktarflokka og reikna gildin í töflu 1 hér fyrir neðan. Í heildartíma er hluti þvottar fyrir ásprautun meðtalinn. Skoðaður var um 2 km kafli í göngunum frá stöð 17400 til 19400.

Tafla 1. Notkun steypu í Óshlíðargöngum fyrir mismunandi þykktarflokka. Meðal Q-gildi fyrir hvern þykktarflokk, samkvæmt einkunnargjöf verktaka, er í sviga.

| Þykktarflokkur og fyrirskrifuð þykkt í mm (Q-mat í sviga) | Lengd (m)* | Magn (m ³) | Heildartími (klst) | Tími á gangam. (klst/m) | Afköst (m ³ /klst) | Magn á gangam. (m ³ /m) | Notað magn á kenniflöt (m ³ /m ²) | Kenni-magn á kennifl. (m ³ /m ²) | Hlutfallið notað magn á móti kennimagni |
|---|------------|------------------------|--------------------|-------------------------|-------------------------------|------------------------------------|--|---|---|
| 1. 60-60-60 (Q _{meðal} = 7,5) | 550 | 879 | 151,77 | 0,28 | 5,79 | 1,60 | 0,086 | 0,060 | 1,44 |
| 2. 60-80-60 (Q _{meðal} = 5,4) | 683 | 1429 | 237,42 | 0,35 | 6,02 | 2,09 | 0,113 | 0,072 | 1,57 |
| 3. 80-80-80 (Q _{meðal} = 5,0) | 119 | 284 | 46,44 | 0,39 | 6,11 | 2,38 | 0,129 | 0,080 | 1,61 |
| 4. 80-100-80 (Q _{meðal} = 3,1) | 171,5 | 484 | 79,38 | 0,46 | 6,09 | 2,82 | 0,153 | 0,092 | 1,66 |
| 5. 100-100-100 (Q _{meðal} = 3,6) | 168 | 519 | 92,81 | 0,55 | 5,59 | 3,09 | 0,167 | 0,100 | 1,67 |
| 6. 250-100-250 (Q _{meðal} = 4,5) | 32 | 193 | 35,67 | 1,11 | 5,41 | 6,03 | 0,326 | 0,159 | 2,05 |
| 7. 150-150-150 (Q _{meðal} = 2,6) | 253,5 | 1412 | 282,51 | 1,11 | 5,00 | 5,57 | 0,301 | 0,150 | 2,01 |
| 8. 250-150-250 (Q _{meðal} = 2,6) | 13 | 101 | 19,75 | 1,52 | 5,12 | 7,78 | 0,421 | 0,189 | 2,22 |
| 9. 250-250-250 (Q _{meðal} = 0,6) | 64 | 977 | 210,02 | 3,28 | 4,65 | 15,27 | 0,826 | 0,250 | 3,31 |


* útskot umreiknuð í lengd ganga

Breytileiki milli þykktarflokka sést betur á línuritum á myndum 1 og 2, á næstu blaðsíðu.


Athyglisvert er að þar sem mikið er ásprautað verða afköst ásprautunar minni. Það skýrist væntanlega af því að þegar mikið þarf að ásprauta kemur til viðbótar biðtími milli steypubíla, biðtími milli ásprautunar á einu lagi til þess næsta o.fl.

Af línuriti á mynd 2 og aftasta dálki töflu 1 má álykta að notað magn sé að jafnaði um 60% meira en kennimag. Þetta gildir þó aðeins fyrir gott til sæmilegt berg. Þar sem berg er verra er meira yfirbrot og þar þarf meiri steypu. Ekki bara til að styrkja vegg og loft ganganna heldur einnig er steypu sprautað á stafn hvorrar sprengifæru oft á tíðum til að tryggja vinnuöryggi, auk þess sem aukið yfirbrot og hrýfi kallar nær alltaf á meira steypumagn. Þetta var sérstaklega þar sem setbergslög komu í göngin. Þetta kemur glögglega í ljós fyrir þykktarflokka 6 til 9, þar sem magn til

að uppfylla fyrirskrifaða þykkt er mun meira en fyrir þykktarflokka 1-5. Fyrir flokk 9 t.d. fóru, samkvæmt skýrslum, um 185 m³ af steypu á stafn ganganna, sem jafngildir um 3 m³/m göng.



Mynd 1. Óshlíðargöng. Afköst og tími ásprautunar fyrir mismunandi þykktarflokka.




Mynd 2. Óshlíðargöng. Magn steypu fyrir hvern þykktarflokka. Kennimagn til samanburðar

Í töflu 2 er sýnd mæld þykkt fyrir hvern þykktarflokk og þykktardreifing. Í aftasta dálki töflunnar er sýnt hlutfallið mæld þykkt á móti fyrirskrifaðri þykkt og á mynd 3 er sýnt sama hlutfall mældrar þykktar og fyrirskrifaðrar þykktar. Sem sjá má er mæld þykkt að jafnaði um 20 - 40% meiri en fyrirskrifuð þykkt fyrir þykktarflokka 1-4. Fyrir þykktarflokk 7, þar sem mæld þykkt er minni er fyrirskrifuð, átti eftir að bæta á lagi.

Tafla 2. Þykktarmælingar, samantekt.

| Þykktarflokkur og fyrirskrifuð þykkt (mm) | | Fjöldi mælinga (stk) | Fjöldi mæl. á mörkum | Fjöldi mæl. yfir mörkum | Fjöldi mæl.undir mörkum | Þykkasta mæling (mm) | Þynnsta mæling (mm) | Meðaltal mæling a (mm) | Mælt á móti fyrirsk. |
|---|----------|----------------------|----------------------|-------------------------|-------------------------|----------------------|---------------------|------------------------|----------------------|
| 1. 60-60-60 | V-veggur | 60 | 6 | 35 | 19 | 200 | 30 | 77,1 | 1,28 |
| | Þekja | 40 | 3 | 33 | 4 | 200 | 45 | 86,1 | 1,44 |
| | H-veggur | 65 | 9 | 33 | 23 | 120 | 10 | 65,6 | 1,09 |
| 2. 60-80-60 | V-veggur | 70 | 2 | 58 | 10 | 153 | 20 | 87,0 | 1,45 |
| | Þekja | 115 | 3 | 101 | 11 | 210 | 25 | 98,7 | 1,23 |
| | H-veggur | 90 | 1 | 71 | 18 | 215 | 33 | 88,2 | 1,47 |
| 3. 80-80-80 | V-veggur | 15 | 0 | 15 | 0 | 125 | 80 | 94,8 | 1,19 |
| | Þekja | 25 | 1 | 22 | 2 | 135 | 40 | 93,2 | 1,17 |
| | H-veggur | 15 | 0 | 15 | 0 | 135 | 75 | 91,5 | 1,14 |
| 4. 80-100-80 | V-veggur | 20 | 0 | 17 | 3 | 320 | 45 | 117,0 | 1,46 |
| | Þekja | 20 | 0 | 20 | 0 | 440 | 68 | 179,2 | 1,79 |
| | H-veggur | 5 | 0 | 5 | 0 | 115 | 100 | 109,8 | 1,37 |
| 5. 100-100-100 | V-veggur | 25 | 0 | 20 | 5 | 233 | 45 | 104,5 | 1,04 |
| | Þekja | 15 | 0 | 14 | 1 | 185 | 58 | 105,9 | 1,06 |
| | H-veggur | 25 | 0 | 24 | 1 | 320 | 58 | 117,2 | 1,17 |
| 7. 150-150-150 | V-veggur | 70 | 3 | 59 | 8 | 650 | 20 | 145,9 | 0,97 |
| | Þekja | 20 | 0 | 20 | 0 | 350 | 75 | 160,7 | 1,07 |
| | H-veggur | 48 | 0 | 44 | 4 | 233 | 48 | 110,3 | 0,74 |



Mynd 3. Óshlíðargöng. Mæld þykkt á móti fyrirskrifaðri þykkt.

Notað magn steypu er um 60% meira en kennimagnið fyrir þykktarflokka 1-5, sbr. mynd 2. Mæld þykkt fyrir sömu þykktarflokka er 20-40% meiri en kenniþykkt, sbr. mynd 3. Álykta má því með samanburði á mælingum og reiknuðum gildum að um helmingur umframmagns steypu sé vegna þess að meðalþykkt er að jafnaði 30% meiri en fyrirskrifuð þykkt og um helmingur umframmagns sé vegna hrjúfleika og yfirbrots. Mælingar í göngunum gáfu mestan hrjúfleika á bilinu 1,2 til 1,3.

Berggæðamat, Q-mat

Frá 1980 hefur berggæðamat, svokallað Q-mat, verið notað hérlendis við mat á gæðum bergs til jarðgangagerðar og sem hjálpartæki við ákvörðun á styrkingum í göngum. Q-matið er upprunið frá Noregi og var fyrst kynnt þar í landi um 1974. Þessu kerfi hefur verið lýst í fjölda greina og bóka, þar sem lýst er við hvaða skilyrði hvaða einkunn hver breyta fær og það hefur verið endurbætt með frekari samanburði milli Q-mats og uppsettra bergstyrkinga.

Í Q-mati eru sprungur og aðrar misfellur í bergi mældar og metnar og berginu gefin einkunn eða Q-gildi sem stendur fyrir Quality index eða Rock Mass Quality index. Q-gildið er margfeldi þriggja þátta, sem einkum hafa áhrif á stæðni og styrkingarþörf bergs í jarðgöngum :

$$Q = (RQD/J_n) \times (J_r/J_a) \times (J_w/SRF)$$

þar sem RQD/J_n er mælikvarði fyrir stærð bergblokka,
J_r/J_a er mælikvarði fyrir skerstyrk milli blokka og
J_w/SRF er mælikvarði fyrir virka spennu.

Einstakar breytur eru :

RQD, sem er mælikvarði á heilleikastuðul bergsins,
J_n, sem er mælikvarði fyrir fjöldi sprungukerfa,
J_r, sem er mælikvarði fyrir lögun og áferð sprunguflata,
J_a, sem er mælikvarði fyrir gerð og þykkt sprungufyllinga,
J_w, sem er mælikvarði fyrir jarðvatnsástand og
SRF, sem er mælikvarði fyrir spennuástand.

Fljótlega eftir að menn fóru að nota þetta kerfi við flokkun bergs hér á landi ráku menn sig á vandkvæði í kerfinu við ákvörðun á einstaka breytum. Kargaberg og móbergsmýndanir var erfitt að fella að flokkunarkerfinu og svo var einnig um stuðlað basalt og kubbaberg. Því var ráðist í það fljótlega að aðlaga einkunnagjöf fyrir einstakar breytur að íslenskum aðstæðum, byggt á athugunum í göngum hér. Nánar upplýsingar um Q-kerfið og notkun þess má finna í leiðbeiningarriti Vegagerðarinnar um kortlagningu á jarðfræði og styrkingum í jarðgöngum¹.

Q-mat hefur verið notað sem hjálpartæki við mat á styrkingum í jarðgöngum hér á landi í meira en 25 ár^{2,3} og beinlínis vísað til þess við ákvörðun um styrkingaflokka⁴.


¹ Kortlagning á jarðfræði og styrkingum í jarðgöngum. Vegagerðin, september 2009

² Blönduvirkjun - jarðgangagerð. Framkvæmdarskýrsla, Verksamningur 9510. Matthías Loftsson og Sveinn Þorgrímsson, Landsvirkjun, byggingardeild, nóvember 1990

³ Blönduvirkjun - jarðgöng. Reynsla af berggæðamati, Björn A. Harðarson. OS-89021/VOD-03 B. Orkustofnun, júlí 1989.

⁴ Hvalfjörður tunnel. Construction contract – Part –C. Technical specifications, Prepared for Spölur ehf. O.T.Blindheim, o.fl., desember 1995

Við mat á styrkingarþörf hefur bergstyrkingalínuritíð á mynd 4 verið haft til hliðsjónar, þar sem styrkingarþörf er áætluð miðað við berggæði og þvermál ganga. Þetta línurit er byggt á raunstyrkingum í jarðgöngum, einkum í Noregi. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessu línuriti frá því það var fyrst gefið út því komið hafa inn nýjar aðferðir við styrkingar, sem taka þarf mið af. Þegar kerfinu var til dæmis fyrst lýst var notkun stálfrefja í sprautusteypu ekki almenn og sprautusteypubogar ekki komnir inn sem valkostur.



REINFORCEMENT CATEGORIES

- | | |
|--|--|
| 1) Unsupported 2) Spot bolting, sb 3) Systematic bolting, B 4) Systematic bolting, (and unreinforced shotcrete, 4-10 cm), B(+S) | 5) Fibre reinforced shotcrete and bolting, 5-9 cm, Sfr+B 6) Fibre reinforced shotcrete and bolting, 9-12 cm, Sfr+B 7) Fibre reinforced shotcrete and bolting, 12-15 cm, Sfr+B 8) Fibre reinforced shotcrete > 15 cm + reinforced ribs of shotcrete and bolting, Sfr+RRS+B 9) Cast concrete lining, CCA |
|--|--|



E) Energy absorption in fibre reinforced shotcrete at 25 mm bending during plate testing

D45/6
c/c 17 = RRS with 6 reinforcement bars in double layer in 45 cm thick ribs with centre to centre (c/c) spacing 1.7 m. Each box corresponds to Q-values on the left hand side of the box. (See text for explanation)

Mynd 4. Línurit NGI fyrir mat á nauðsynlegum styrkingum miðað við Q-gildi.

Í þessu línuriti er viðmið fyrir sprautusteypustyrkingar þykkt steypu. Til að áætla magn í rúmmetrum þarf að taka tillit til yfirbrots, hrjúfleika bergflata og frácasts. Margföldunarstuðull er breytilegur en hefur oftast verið á bilinu 1,4 til 1,6.

Í Óshlíðargöngum hefur bergi verið gefin einkunn í Q-mati. Meðalberggæði fyrir mismunandi þykktarflokka voru fundin, sjá dálk 1 í töflu 1. Meðalberggæðið eru á bilinu Q=7,5 til 0,6. Fyrir lægra Q-gildi er fyrirskrifuð þykkari steypa, en dreifing gilda er mikil og magn steypu, að því er virðist, í litlu samræmi við það sem áætla mætti út frá viðmiðunarlínuriti Norðmanna, mynd 4 hér að ofan, nema kannski fyrir Q-gildi á bilinu 2 - 6, sjá mynd 5, á næstu blaðsíðu. Q-gildi eru samkvæmt einkunnargjöf verktaka og ber að skoða í því ljósi að sá sem kortlagði göngin hafði ekki notað Q-kerfið áður.



Mynd 5. Notkun sprautusteypu miðað við berggæðamat, Q-mat. Kvarði fyrir m³/m er frá 0 til 20 á línuritinu fyrir ofan en 0 til 10 á þeirri neðri.

Reiknað magn samkvæmt línuriti Norðmanna þar sem miðað er við margföldunarstuðul 1,4, 1,6, 1,8 og 2,0 er sýnt í töflu 3, á næstu blaðsíðu, og markalínur fyrir margfeldi 1,4 og 2,0 á myndinni, hér fyrir ofan.

Tafla 3. Áætlað magn fyrir mismunandi styrkingarflokka miðað við styrkingarlínurit Norðmanna. Margföldunarstuðull (magn/þykkt) til að innifela hrjúfleika og yfirbrot.

| Q-gildi | Steypumagn (m ³ /m) / mismunandi margföldunarstuðull | | | |
|----------------|---|-------|-------|-------|
| | x1,4 | x 1,6 | x 1,8 | x 2,0 |
| Q = 10 – 40 * | 1,3 | 1,5 | 1,7 | 1,9 |
| Q = 4 - 10 | 1,6 | 1,8 | 2,0 | 2,2 |
| Q = 1 - 4 | 1,8 | 2,1 | 2,4 | 2,6 |
| Q = 0,4 - 1 | 2,5 | 2,8 | 3,1 | 3,4 |
| Q = 0,1 – 0,4 | 3,0 | 3,4 | 3,8 | 4,3 |
| Q =0,04 - 0,1 | 4,1 | 4,7 | 5,3 | 5,9 |
| Q =0,01 - 0,04 | 5,4 | 6,2 | 6,9 | 7,7 |

* Ath. Steypa aldrei minni en 40 mm í vegg og 60 mm í þaki.

Héðinsfjarðargöng

Magn, þykkt og afköst

Í Héðinsfjarðargöngum var notkun steypu fyrirskrifuð í m³ og gert ráð fyrir skiptingu í annars vegar vinnustyrkingar og hins vegar lokastyrkingar. Á sama hátt og fyrir Óshlíðargöng má lesa úr dagskýrslum verktaka upplýsingar um notkun sprautusteypu fyrir hvern hluta ganganna og flokka niður. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um fyrirskrifaða þykkt á hverjum gangahluta er notast við jarðfræðikortlagningu ganganna og þykktarviðmið áætlað fyrir gangahlutann byggt á meðal Q-gildi bergs á þeim gangahluta. Skoðaður var um 2 km kafla ganganna, frá stöð 3000 til 5000, en á þessum kafla ganganna áttu berggæði að vera svipuð og fyrir þykktarflokka 1-5 í Óshlíðargöngum. Þessi gögn hafa verið færð í töflu 4 og á sama hátt og fyrir Óshlíðargöng eru niðurstöður í töflu settar í línurit á myndum 6 og 7.


Tafla 4. Notkun sprautusteypu í Héðinsfjarðargöngum fyrir mismunandi berggæðamat

| Q-gildi (þykktar- flokkur) | Lengd (m) | Magn (m ³) | Heildar- tími (klst) | Tími á ganga- metra (klst/m) | Afköst (m ³ /klst) | Magn á ganga- metra (m ³ /m) | Notað magn á kenniflöt (m ³ /m ²) | Áætlað kenni- magn á kennifl. (m ³ /m ²) | Hlutfallið notað magn á móti kennimagni |
|----------------------------------|--------------|---------------------------|----------------------------|---------------------------------------|----------------------------------|--|---|---|--|
| >6,5 (60-60-60) | 654 | 1316 | 245,95 | 0,38 | 5,35 | 2,01 | 0,109 | 0,060 | 1,82 |
| 5 - 6,5 (80-80-80) | 54 | 127 | 24,61 | 0,46 | 5,15 | 2,35 | 0,127 | 0,072 | 1,78 |
| 4 - 5 (80-80-80) | 285 | 670 | 115,18 | 0,40 | 5,82 | 2,35 | 0,127 | 0,072 | 1,78 |
| 2,5 - 4 (80-100-80) | 207 | 525 | 132,88 | 0,64 | 3,95 | 2,54 | 0,137 | 0,080 | 1,72 |
| 0,7 - 2,5 (80-100-80) | 194 | 442 | 83,78 | 0,43 | 5,28 | 2,28 | 0,123 | 0,092 | 1,35 |
| <0,7 (100-120-100) | 627 | 1797 | 384,78 | 0,61 | 4,67 | 2,87 | 0,155 | 0,112 | 1,39 |


Þar sem mikið ósamræmi er milli Q-gilda í Óshlíðargöngum og fyrirskrifaðrar lagþykktar þar var ekki hægt að nota Q-gildi frá Óshlíðargöngum til að áætla lagþykkt fyrir Héðinsfjarðargöng. Líkleg fyrirskrifuð lagþykkt eða þykktarflokkur, sem sýnd er í myndum 6 og 7 á næstu blaðsíðu, er því metin í nokkru samræmi við línurit Norðmanna, mynd 5.

Af mynd 6 má ráða að sprautusteypuþæki sem notuð voru í Óshlíðargöngum voru 10-15% afkastameiri en tæki sem notuð voru í Héðinsfjarðargöngum. Við samanburð á tíma fyrir ásprautun þarf að leiðrétta fyrir þeim mun og sé leiðréttur tími síðan borinn saman við tíma fyrir ásprautun sambærilegra þykktar í Óshlíðargöngum er ásprautunartími fyrir sambærileg þykktarviðmið svipaður.

Í töflu 4 og á mynd 6 sést að umframmagn sprautusteypu til að ná áætluðum þykktarflokki er að meðaltali um 75% meira en kennimagnið fyrir Q-gildi > 2,5, en 35-40% meira en kennimagnið fyrir Q-gildi < 2,5.



Mynd 6. Héðinsfjarðargöng. Magn og tími ásprautunar fyrir mismunandi Q-gildi (þykktarflokka).




Mynd 7. Héðinsfjarðargöng. Magn steypu fyrir mismunandi Q-gildi (þykktarflokka)

Í töflu 5, á næstu blaðsíðu, er sýnd mæld þykkt fyrir mismunandi Q-gildi og þykktardreifing. Í öftustu dálkum töflunnar og á mynd 8 er sýnt hlutfallið mæld þykkt í veggjum og lofti ganganna, á móti

áætlaðri þykkt byggt á Q-mati. Mæld þykkt er að jafnaði talsvert meiri en áætluð þykkt og munar þar mestu fyrir betra bergið, sem sjá má vel á mynd 8.

Tafla 5. Mæld þykkt og áætluð fyrir Héðinsfjarðargöng

| Stöð | Mæld þykkt | | Q-gildi | Áætlaður þykktarflokkur | | Hlutfall mælt/áætlað | |
|-------|------------|-----|---------|-------------------------|------|----------------------|------|
| | veggur | þak | | veggur | loft | veggur | loft |
| 3.000 | 95 | 120 | 4,2 | 60 | 80 | 1,58 | 1,50 |
| 3.100 | 115 | 141 | 1,1 | 80 | 100 | 1,44 | 1,41 |
| 3.200 | 117 | 118 | 0,2 | 100 | 120 | 1,17 | 0,98 |
| 3.300 | 112 | 135 | 0,0 | 100 | 120 | 1,12 | 1,13 |
| 3.400 | 138 | 173 | 0,0 | 100 | 120 | 1,38 | 1,44 |
| 3.500 | 123 | 155 | 0,1 | 100 | 120 | 1,23 | 1,29 |
| 3.600 | 135 | 254 | - | 100 | 120 | 1,35 | 2,12 |
| 3.700 | 139 | 144 | 0,4 | 100 | 120 | 1,39 | 1,20 |
| 3.800 | 118 | 113 | 0,5 | 100 | 120 | 1,18 | 0,94 |
| 3.900 | 106 | 111 | 0,4 | 100 | 120 | 1,06 | 0,93 |
| 4.000 | 111 | 114 | 1,8 | 80 | 100 | 1,39 | 1,14 |
| 4.100 | 93 | 102 | 12,7 | 60 | 60 | 1,55 | 1,70 |
| 4.200 | 86 | 130 | 2,7 | 80 | 80 | 1,08 | 1,63 |
| 4.300 | 72 | 97 | 40,1 | 60 | 60 | 1,20 | 1,62 |
| 4.400 | 96 | 87 | 33,4 | 60 | 60 | 1,60 | 1,45 |
| 4.500 | 69 | 85 | 4,0 | 60 | 80 | 1,15 | 1,06 |
| 4.600 | 89 | 96 | 32,6 | 60 | 60 | 1,48 | 1,60 |
| 4.700 | 32 | 95 | 12,5 | 60 | 60 | 0,53 | 1,58 |
| 4.800 | 105 | 149 | 16,5 | 60 | 60 | 1,75 | 2,48 |
| 4.900 | 99 | 100 | 10,6 | 60 | 60 | 1,65 | 1,67 |
| 5.000 | 72 | 122 | 4,0 | 60 | 80 | 1,20 | 1,53 |




Mynd 8. Héðinsfjarðargöng. Hlutfall mældrar og áætlaðrar þykktar.

Samkvæmt þykktarmælingum er yfirþykkt steypu að jafnaði 30-50% í Héðinsfjarðargöngum sem er talsvert meira en er í Óshlíðargöngum þar sem þetta hlutfall er á bilinu 20-40%. Meira umframmagn steypu í Héðinsfjarðargöngum skýrist því fyrst og fremst af yfirþykkt, en magn steypu sem þarf til að fylla yfirbrot og hrjúfleika er metið svipað í Héðinsfjarðargöngum og í Óshlíðargöngum eða um 30%.

Berggæðamat, Q-mat

Ef borið er saman berggæðamat (Q-mat), samkvæmt kortlagningu verktaka, og notkun sprautusteypu, sbr. mynd 9 sést að dreifing gilda er mun minni en fyrir Óshlíðargöng og að jafnaði milli 2 til 3 m³/m göng fyrir þennan kafla ganganna sem skoðaður var. Samræmi er við línurit Norðmanna, mynd 4, fyrir Q-gildi á bilinu 1 – 8 eða svo en ekki fyrir Q < 1. Í Óshlíðargöngum var steypumagn fyrir Q < 1 að jafnaði meira en ætla mætti út frá línuriti Norðmanna, en í Héðinsfjarðargöngum er þessu öfugt farið, magn er almennt minna en það ætti að vera miðað við Q-mat < 1.



Mynd 9. Héðinsfjarðargöng. Magn steypu miðað við áætluð Q-gildi. Viðmiðunarmagn samkvæmt línuriti Norðmanna og margfeldistuðla 1,4 og 2,0.

Viðmiðunarlínur í mynd 8 eru þær sömu og fyrir Óshlíðargöng enda er óverulegur stærðarmunur á þversniði ganganna.

Samantekt og niðurstöður

Rannsókn á hagkvæmni mismunandi aðferða við sprautusteypustyrkingar var gerð með styrk úr rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Verkefnið fólst í að meta kosti og galla þess að klára bergstyrkingar með sprautusteypu samhliða gangagerð eða skipta styrkingum upp í annars vegar vinnustyrkingar, unnar samhliða grefti ganganna, og hins vegar lokastyrkingar, sem gerðar væru eftir að búið er að sprengja göngin. Enn fremur að mæla og bera saman mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir sprautusteypu og meta kosti og galla þess að gera upp steypu samkvæmt m^3 , mælt frá steypustöð, og í m^2 , sem þykkt á bergveggjum og þaki ganga.

Með yfirferð dagskýrsla er magn styrkinga fyrir einstaka gangahluta borið saman og magn styrkinga á tímaeiningu fundið fyrir hvor göng. Niðurstöður þykktarmælinga eru bornar saman við notkun steypu til að finna fylgni milli magns og þykkar.

Í báðum göngum er magn steypu fyrirskrifað í samræmi við aðstæður, en þar sem ekki voru skilgreindir þykktarflokkar fyrir Héðinsfjarðargöng var ekki hægt að bera saman notkun beint milli ganga. Því varð að meta út frá áætluðum Q-gildum (berggæðamati) hver væri ætluð þykkt steypu miðað við fyrirskrifað magn steypu, sem átti að sprauta á hvern gangahluta þar. Þetta flækti samanburð, en með nálgun mátti komast að eftirfarandi :

- Samanburður á notkun sprautusteypu í Óshlíðargöngum og Héðinsfjarðargöngum sýnir að notkun steypu er meiri í Héðinsfjarðargöngum en fyrir sambærilegt berg eða berggæðamat í Óshlíðargöngum. Magn steypu er um 70-80% meira en kennimagn í Héðinsfjarðargöngum á móti 60% umfram kennimagn í Óshlíðargöngum. Þegar áætla á magn steypu sem byggt er á m^3 -uppgjöri þarf að taka tillit til þessa og margfalda kennimagn með 1,6 - 1,7.
- Umframþykkt er að jafnaði meiri í Héðinsfjarðargöngum en Óshlíðargöngum. Í Héðinsfirði er mæld þykkt að jafnaði 30% meiri en kenniþykkt í veggjum og 45% meiri í lofti, en í Óshlíðargöngum 27% meiri í veggjum og 35% meiri í loft. Byggt á þessu er dregin sú ályktun að þykkt hafi verið jafnari og nýting steypu betri í Óshlíðargöngum þar sem viðmiðið var þykktarflokkar.
- Tími sem fer í ásprautun ganganna er heldur meiri í Héðinsfjarðargöngum en í Óshlíðargöngum. Það skýrist að hluta til af 5-15% minni afköstum ásprautunartækja í Héðinsfirði og meira umframmagni þar. Ef leiðrétt er fyrir afköstum tækja er tími aðeins um 3% minni fyrir ásprautun Óshlíðarganga eða að jafnaði 0,37 klst./m göng (60-100 mm þykkir) fyrir Óshlíðargöng á móti 0,38 klst./m göng fyrir Héðinsfjarðargöng.
- Samkvæmt skráningu var magn og heildartími sem fór í styrkingar þykktarflokka 1 til 5 í Óshlíðargöngum um 608 klst. fyrir um 1690 m, sem jafngildir um 0,36 klst./m ganga. Fyrir Héðinsfjarðargöng, $Q > 0,7$, fóru um 602 klst. eða um 1394 m ganganna eða 0,43 klst./m. Munurinn er 0,07 klst./m göng. Sé leiðrétt fyrir minni afköst tækja í Héðinsfirði er þessi munur aðeins um 0,01 klst./m.
- Samkvæmt skráningu var magn og tími sem fór í viðgerðir og viðbætur í Óshlíðargöngum eftir gegnumbrot ganganna um 760 m^3 og um 300 klst. fyrir tæpa 2400 m, eða um 0,12 klst./m ganga. Fyrir Héðinsfjarðargöng fóru um 450 klst. eða um 0,22 klst./m ganga í ásprautun 2400 m^3 sem lokastyrkingar á 2 km kafla. Munurinn er 0,1 klst./m göng. Byggt á þessu og fyrri

málgrein má álykta að lítill tímasparnaður er í því að ásprauta sem mest samhliða greftri ganganna.

- Fyrir sæmilegt til gott berg, $Q > 2,5$ er þykktarviðmið betri uppgjörsmáti fyrir styrkingar með steypuásprautun. Þar sem berg er slæmt til gangagerðar ($Q < 1$) og yfirbrot verður mikið er erfitt að styðjast við þykktarviðmið.
- Ósamræmi er milli berggæðamatseinkunnar, Q-gilda, og fyrirskrifaðs magns af sprautusteypu fyrir áætluð berggæði $Q < 1$. Annað hvort er ekkert að marka Q-mat á stórum köflum í báðum göngunum eða styrkingar eru of miklar/litlar á þeim stöðum. Það fyrrnefnda er talið líklegra þ.e. að lítið sé að marka Q-mat í hluta ganganna, enda voru óvanir menn að gefa berginu einkunn í báðum þessum göngum. Skýrari leiðbeiningar þarf fyrir Q-mat í jarðgöngum. Vænst er til að leiðbeiningarrit Vegagerðarinnar „Kortlagning á jarðfræði og styrkingum í jarðgöngum“ bæti úr því í framtíðinni.

Annað sem kom í ljós við athugun þessa en var ekki beinn hluti hennar :

- Meira var um viðgerðir á veggjum í Óshlíðargöngum. Dregin er því sú ályktun að hagkvæmni í tíma sem fæst með að sprauta sem mest samhliða grefti er að hluta til eða öllu leyti eytt af óhagkvæmni fyrir verkkaupa vegna aukinnar steypu og fyrir verktaka vegna tíma sem fer í viðgerðir.

VIÐAUKI : GAGNASKRÁR

Óshlíðargöng (Bolungavíkurgöng)

| Dags | Skýrsla nr. | Stöð frá | Stöð til | Lengd (m) | Q-gildi | m3 | m3/m | Fiber (kg) | Tími | Tími | Þykkt loft (mm) | Þykkt veggir (mm) | Athugasemdir | Tími á m3 steypu | Tími á lengdarmeter | kg fiber á hvern m3 steypu | m ³ /klst |
|------------|-------------|----------|----------|-----------|---------|------|------|------------|-------|------|-----------------|-------------------|------------------------------------|------------------|---------------------|----------------------------|----------------------|
| 60 | 60 | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 25.10.2008 | 52 | 19025 | 19015 | 10 | - | 16 | 1,60 | 0 | 02:00 | 2,00 | 60 | 60 | | 00:07 | 00:12 | | 8,00 |
| 27.10.2008 | 53 | 19015 | 19000 | 15 | 10,1 | 18,6 | 1,24 | 745 | 02:30 | 2,50 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:10 | 40,1 | 7,44 |
| 28.10.2008 | 54 | 19000 | 18990 | 10 | 9,25 | 11,2 | 1,12 | 0 | 02:30 | 2,50 | 60 | 60 | | 00:13 | 00:15 | | 4,48 |
| 28.10.2008 | 55 | 18990 | 18981 | 9 | - | 16,8 | 1,87 | 0 | 02:50 | 2,83 | 60 | 60 | | 00:10 | 00:18 | | 5,93 |
| 29.10.2008 | 56 | 18981 | 18972 | 9 | - | 11,2 | 1,24 | 0 | 02:00 | 2,00 | 60 | 60 | | 00:10 | 00:13 | | 5,60 |
| 30.10.2008 | 57 | 18972 | 18962 | 10 | - | 16,8 | 1,68 | 680 | 02:45 | 2,75 | 60 | 60 | 680 kg af fiber færð á s.s.skýrslu | 00:09 | 00:16 | 40,5 | 6,11 |
| 31.10.2008 | 58 | 18962 | 18952 | 10 | - | 11,2 | 1,12 | 0 | 01:10 | 1,17 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:07 | | 9,60 |
| 1.11.2008 | 59 | 18952 | 18942 | 10 | 6,15 | 16,8 | 1,68 | 0 | 02:20 | 2,33 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:14 | | 7,20 |
| 2.11.2008 | 60 | 18942 | 18932 | 10 | 7,75 | 11,2 | 1,12 | 0 | 01:15 | 1,25 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:07 | | 8,96 |
| 4.11.2008 | 61 | 18932 | 18922 | 10 | 9,9 | 16,8 | 1,68 | 0 | 02:55 | 2,92 | 60 | 60 | | 00:10 | 00:17 | | 5,76 |
| 5.11.2008 | 62 | 18922 | 18912 | 10 | 9,4 | 11,2 | 1,12 | 0 | 02:15 | 2,25 | 60 | 60 | | 00:12 | 00:13 | | 4,98 |
| 6.11.2008 | 63 | 18912 | 18903 | 9 | 9,25 | 16,8 | 1,87 | 0 | 02:15 | 2,25 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:15 | | 7,47 |
| 7.11.2008 | 64 | 18903 | 18894 | 9 | 11,1 | 11,2 | 1,24 | 0 | 02:30 | 2,50 | 60 | 60 | | 00:13 | 00:16 | | 4,48 |
| 8.11.2008 | 65 | 18894 | 18884 | 10 | 7,75 | 15,4 | 1,54 | 0 | 03:45 | 3,75 | 60 | 60 | töf 70 min | 00:14 | 00:22 | | 4,11 |
| 10.11.2008 | 66 | 18884 | 18874 | 10 | 7,85 | 18,6 | 1,86 | 0 | 02:20 | 2,33 | 60 | 60 | | 00:07 | 00:14 | | 7,97 |
| 11.11.2008 | 67 | 18874 | 18864 | 10 | 10,2 | 18,6 | 1,86 | 0 | 02:00 | 2,00 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:12 | | 9,30 |
| 12.11.2008 | 68 | 18864 | 18854 | 10 | 9,15 | 11,2 | 1,12 | 0 | 01:45 | 1,75 | 60 | 60 | | 00:09 | 00:10 | | 6,40 |
| 13.11.2008 | 69 | 18854 | 18844 | 10 | 7 | 16,8 | 1,68 | 0 | 02:45 | 2,75 | 60 | 60 | | 00:09 | 00:16 | | 6,11 |
| 14.11.2008 | 70 | 18844 | 18830 | 14 | 8,2 | 18 | 1,29 | 0 | 01:50 | 1,83 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:07 | | 9,82 |
| 15.11.2008 | 71 | 18830 | 18821 | 9 | 8,75 | 15 | 1,67 | 0 | 02:00 | 2,00 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:13 | | 7,50 |
| 17.11.2008 | 72 | 18821 | 18812 | 9 | 10,1 | 11,2 | 1,24 | 0 | 01:45 | 1,75 | 60 | 60 | | 00:09 | 00:11 | | 6,40 |
| 18.11.2008 | 73 | 18812 | 18803 | 9 | 11,8 | 16,8 | 1,87 | 0 | 02:50 | 2,83 | 60 | 60 | | 00:10 | 00:18 | | 5,93 |
| 19.11.2008 | 74 | 18803 | 18793 | 10 | 9,4 | 11,2 | 1,12 | 0 | 01:30 | 1,50 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:09 | | 7,47 |
| 19.11.2008 | 75 | 18798 | 18788 | 10 | 4,8 | 12 | 1,20 | 0 | 02:15 | 2,25 | 60 | 60 | | 00:11 | 00:13 | | 5,33 |
| 27.11.2008 | 82 | 18734 | 18719 | 15 | 6,73 | 18 | 1,20 | 720 | 02:30 | 2,50 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:10 | 40 | 7,20 |
| 28.11.2008 | 83 | 18719 | 18705 | 14 | 7,5 | 18,6 | 1,33 | 744 | 02:00 | 2,00 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:08 | 40 | 9,30 |
| 29.11.2008 | 84 | 18705 | 18690 | 15 | 8,36 | 18,6 | 1,24 | 744 | 01:40 | 1,67 | 60 | 60 | | 00:05 | 00:06 | 40 | 11,16 |
| 2.12.2008 | 85 | 18690 | 18675 | 15 | 7,36 | 24 | 1,60 | 960 | 03:00 | 3,00 | 60 | 60 | | 00:07 | 00:12 | 40 | 8,00 |
| 3.12.2008 | 86 | 18675 | 18660 | 15 | 6,13 | 18 | 1,20 | 720 | 02:45 | 2,75 | 60 | 60 | | 00:09 | 00:11 | 40 | 6,55 |
| 6.12.2008 | 87 | 18660 | 18646 | 14 | 6,33 | 24 | 1,71 | 960 | 03:00 | 3,00 | 60 | 60 | | 00:07 | 00:12 | 40 | 8,00 |
| 8.12.2008 | 88 | 18646 | 18631 | 15 | 6,76 | 18 | 1,20 | 720 | 01:50 | 1,83 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:07 | 40 | 9,82 |
| 24.1.2009 | 124 | 18540 | 18525 | 15 | 8,53 | 24,8 | 1,65 | 1000 | 03:00 | 3,00 | 60 | 60 | | 00:07 | 00:12 | 40,3 | 8,27 |
| 26.1.2009 | 125 | 18525 | 18509 | 16 | 8,06 | 24,8 | 1,55 | 980 | 02:45 | 2,75 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:10 | 39,5 | 9,02 |
| 27.1.2009 | 126 | 18509 | 18499 | 10 | 2,6 | 24 | 2,40 | 960 | 02:30 | 2,50 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:15 | 40 | 9,60 |
| 24.4.2009 | 215 | 17914 | 17889 | 25 | 9,1 | 33,6 | 1,34 | 1344 | 04:30 | 4,5 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:10 | 40 | 7,47 |
| 27.4.2009 | 216 | 17889 | 17869 | 20 | 9 | 28 | 1,40 | 1120 | 03:45 | 3,75 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:11 | 40 | 7,47 |
| 29.4.2009 | 217 | 17869 | 17849 | 20 | 8,825 | 22,4 | 1,12 | 896 | 03:00 | 3 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:09 | 40 | 7,47 |
| 30.4.2009 | 218 | 17849 | 17834 | 15 | 1,3 | 18,6 | 1,24 | 744 | 02:00 | 2 | 60 | 60 | | 00:06 | 00:08 | 40 | 9,30 |
| 1.5.2009 | 219 | 17834 | 17824 | 10 | 4,2 | 20,6 | 2,06 | 824 | 02:00 | 2 | 60 | 60 | | 00:05 | 00:12 | 40 | 10,30 |
| 4.5.2009 | 220 | 17824 | 17809 | 15 | 3,3 | 18,6 | 1,24 | 744 | 02:15 | 2,25 | 60 | 60 | | 00:07 | 00:09 | 40 | 8,27 |
| 5.5.2009 | 221 | 17809 | 17794 | 15 | 4,63 | 21,6 | 1,44 | 864 | 03:00 | 3 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:12 | 40 | 7,20 |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|------------|-----------|-------|-------|------------|-------------|------------|------|-----|-------|---------------|----|----|--|-------|-------|------|-------------|
| 7.5.2009 | 222 | 17794 | 17780 | 14 | 4 | 18,6 | 1,33 | 744 | 02:30 | 2,5 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:10 | 40 | 7,44 |
| 8.5.2009 | 223 | 17780 | 17765 | 15 | 5,5 | 22 | 1,47 | 880 | 02:40 | 2,67 | 60 | 60 | | 00:07 | 00:10 | 40 | 8,24 |
| 9.5.2009 | 224 | 17765 | 17755 | 10 | 6,9 | 12,4 | 1,24 | 496 | 01:40 | 1,67 | 60 | 60 | | 00:08 | 00:10 | 40 | 7,43 |
| 11.5.2009 | 225 | 17755 | 17745 | 10 | 6,3 | 12,4 | 1,24 | 480 | 02:25 | 2,42 | 60 | 60 | | 00:11 | 00:14 | 38,7 | 5,12 |
| 5.12.2009 | 766 | 17750 | 17914 | 164 | 6,1 | 31,5 | 0,19 | | 09:50 | 9,83 | 60 | 60 | Final touch up pv+st | 00:18 | 00:03 | | 3,20 |
| 15.12.2009 | 784 | 18499 | 18540 | 41 | 6,88 | 5,5 | 0,13 | 220 | 00:53 | 0,88 | 60 | 60 | 18499-18540: right wall: missing 15mm of shotc. | 00:09 | 00:01 | 40 | 6,29 |
| 16.12.2009 | 786 | 18499 | 18540 | 41 | 6,88 | 5,5 | 0,13 | 220 | 02:45 | 2,75 | 60 | 60 | 18499-18540: right wall: missing 15mm of shotc. - pv | 00:30 | 00:04 | 40 | 2,00 |
| 16.12.2009 | 787 | 18626 | 19025 | 399 | 7,51 | 11 | 0,03 | | 03:48 | 3,80 | 60 | 60 | Final touch up pv+st | 00:20 | 00:00 | | 2,89 |
| 6.1.2010 | 793 | 18920 | 19025 | 105 | 8,63 | 10 | 0,10 | | 07:17 | 7,29 | 60 | 60 | Final touch up pv+st | 00:43 | 00:04 | | 1,37 |
| 17.12.2009 | 789 | 18630 | 18680 | 50 | 6,57 | 15 | 0,30 | | 11:00 | 11,00 | 60 | 60 | Final touch up pv+st | 00:44 | 00:13 | | 1,36 |
| SUM | | | | 550 | 7,43 | 879 | | | | 151,77 | | | | | | | 6,90 |
| | | | | | 7,63 | | | | | 35,55 | | | | | | | |
| 60 | 80 | | | | | | | | | | | | | | | | |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|------------|----|-------|-------|----|------|------|------|------|-------|------|----|----|------------|-------|-------|----|-------|
| 3.9.2008 | | 19431 | 19421 | 10 | - | 28 | | 1120 | | | 80 | 60 | | | | 40 | |
| 26.9.2008 | 25 | 19285 | 19267 | 18 | 6,5 | 18 | 1,00 | 720 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:06 | 40 | 9,00 |
| 26.9.2008 | 26 | 19271 | 19258 | 13 | - | 17,4 | 1,34 | 696 | 02:10 | 2,17 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:10 | 40 | 8,03 |
| 29.9.2008 | 27 | 19263 | 19244 | 19 | - | 24 | 1,26 | 960 | 02:05 | 2,08 | 80 | 60 | | 00:05 | 00:06 | 40 | 11,52 |
| 30.9.2008 | 27 | 19249 | 19234 | 15 | - | 18 | 1,20 | 720 | 02:15 | 2,25 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:09 | 40 | 8,00 |
| 30.9.2009 | 28 | 19239 | 19225 | 14 | 5,73 | 18 | 1,29 | 720 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:08 | 40 | 9,00 |
| 1.10.2008 | 30 | 19230 | 19216 | 14 | 5,16 | 18 | 1,29 | 720 | 02:30 | 2,50 | 80 | 60 | töf 30 min | 00:08 | 00:10 | 40 | 7,20 |
| 2.10.2008 | 32 | 19221 | 19206 | 15 | 4,43 | 18 | 1,20 | 720 | 02:15 | 2,25 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:09 | 40 | 8,00 |
| 3.10.2008 | 33 | 19206 | 19190 | 16 | 6,86 | 24 | 1,50 | 960 | 02:30 | 2,50 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:09 | 40 | 9,60 |
| 4.10.2008 | 34 | 19190 | 19179 | 11 | 8,2 | 18 | 1,64 | 720 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:10 | 40 | 9,00 |
| 6.10.2008 | 35 | 19179 | 19168 | 11 | - | 18 | 1,64 | 720 | 02:15 | 2,25 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:12 | 40 | 8,00 |
| 7.10.2008 | 36 | 19168 | 19157 | 11 | 8 | 16 | 1,45 | 640 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:10 | 40 | 8,00 |
| 8.10.2008 | 37 | 19157 | 19147 | 10 | 6,1 | 16 | 1,60 | 640 | 01:50 | 1,83 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:11 | 40 | 8,73 |
| 9.10.2008 | 38 | 19147 | 19137 | 10 | - | 16 | 1,60 | 640 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:12 | 40 | 8,00 |
| 10.10.2008 | 39 | 19137 | 19127 | 10 | - | 16 | 1,60 | 640 | 02:20 | 2,33 | 80 | 60 | | 00:08 | 00:14 | 40 | 6,86 |
| 13.10.2008 | 42 | 19118 | 19113 | 5 | 3,9 | 8 | 1,60 | 320 | 01:45 | 1,75 | 80 | 60 | | 00:13 | 00:21 | 40 | 4,57 |
| 14.10.2008 | 43 | 19113 | 19103 | 10 | 4,5 | 18 | 1,80 | 720 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:12 | 40 | 9,00 |
| 15.10.2008 | 44 | 19103 | 19093 | 10 | 5,4 | 18 | 1,80 | 720 | 03:00 | 3,00 | 80 | 60 | | 00:10 | 00:18 | 40 | 6,00 |
| 17.10.2008 | 45 | 19093 | 19080 | 13 | 6,16 | 24,4 | 1,88 | 976 | 03:00 | 3,00 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:13 | 40 | 8,13 |
| 18.10.2008 | 46 | 19080 | 19075 | 5 | - | 9 | 1,80 | 360 | 01:00 | 1,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:12 | 40 | 9,00 |
| 20.10.2008 | 47 | 19075 | 19065 | 10 | - | 18 | 1,80 | 720 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:12 | 40 | 9,00 |
| 21.10.2008 | 48 | 19065 | 19055 | 10 | 6,45 | 18 | 1,80 | 720 | 02:40 | 2,67 | 80 | 60 | | 00:08 | 00:16 | 40 | 6,75 |
| 22.10.2008 | 49 | 19055 | 19045 | 10 | - | 16 | 1,60 | 640 | 02:20 | 2,33 | 80 | 60 | | 00:08 | 00:14 | 40 | 6,86 |
| 23.10.2008 | 50 | 19045 | 19035 | 10 | 5,8 | 16 | 1,60 | 640 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:12 | 40 | 8,00 |
| 24.10.2008 | 51 | 19035 | 19025 | 10 | 6,4 | 16 | 1,60 | 640 | 02:50 | 2,83 | 80 | 60 | | 00:10 | 00:17 | 40 | 5,65 |
| 21.11.2008 | 76 | 18798 | 18783 | 15 | 4,46 | 12 | 0,80 | 480 | 02:15 | 2,25 | 80 | 60 | | 00:11 | 00:09 | 40 | 5,33 |
| 21.11.2008 | 77 | 18788 | 18778 | 10 | 4 | 12 | 1,20 | 480 | 01:20 | 1,33 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:08 | 40 | 9,00 |
| 23.11.2008 | 78 | 18778 | 18764 | 14 | 4,33 | 18 | 1,29 | 720 | 02:45 | 2,75 | 80 | 60 | | 00:09 | 00:11 | 40 | 6,55 |
| 24.11.2008 | 79 | 18764 | 18754 | 10 | 5,25 | 18 | 1,80 | 720 | 02:30 | 2,50 | 80 | 60 | | 00:08 | 00:15 | 40 | 7,20 |
| 25.11.2008 | 80 | 18754 | 18744 | 10 | 6,55 | 12 | 1,20 | 480 | 02:30 | 2,50 | 80 | 60 | | 00:12 | 00:15 | 40 | 4,80 |
| 26.11.2008 | 81 | 18744 | 18734 | 10 | 6,9 | 18 | 1,80 | 720 | 02:00 | 2,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:12 | 40 | 9,00 |
| 9.12.2008 | 89 | 18631 | 18621 | 10 | 4,65 | 18 | 1,80 | 720 | 01:55 | 1,92 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:11 | 40 | 9,39 |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|------------|-----|-------|-------|----|------|------|------|------|-------|------|----|----|------------------------|-------|-------|------|-------|
| 9.3.2009 | 177 | 18246 | 18231 | 15 | 3,86 | 32,4 | 2,16 | 1296 | 05:15 | 5,25 | 80 | 60 | | 00:09 | 00:21 | 40 | 6,17 |
| 9.3.2009 | 178 | 18231 | 18216 | 15 | 4,03 | 27 | 1,80 | 1080 | 03:10 | 3,17 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:12 | 40 | 8,53 |
| 12.3.2009 | 179 | 18216 | 18202 | 14 | 4,1 | 33,6 | 2,40 | 1344 | 04:15 | 4,25 | 80 | 60 | | 00:07 | 00:18 | 40 | 7,91 |
| 14.3.2009 | 180 | 18202 | 18188 | 14 | 4,16 | 27 | 1,93 | 1080 | 04:00 | 4,00 | 80 | 60 | | 00:08 | 00:17 | 40 | 6,75 |
| 16.3.2009 | 181 | 18188 | 18173 | 15 | 4,26 | 28 | 1,87 | 1120 | 02:50 | 2,83 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:11 | 40 | 9,88 |
| 18.3.2009 | 182 | 18173 | 18158 | 15 | 4,53 | 26 | 1,73 | 1040 | 03:00 | 3,00 | 80 | 60 | | 00:06 | 00:12 | 40 | 8,67 |
| 20.3.2009 | 183 | 18158 | 18144 | 14 | 4,53 | 26 | 1,86 | 1040 | 03:30 | 3,50 | 80 | 60 | | 00:08 | 00:15 | 40 | 7,43 |
